

Forsætisráðuneytið

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

101 Reykjavík



Akureyri, 23. mars 2020

Efni: Aukið fjármagn í sóknaráætlun Norðurlands eystra til viðspyrnu strax

Stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, hefur líkt og aðrir hér á landi, áhyggjur af því fordæmalaus ástandi sem þjóðin stendur nú frammi fyrir. Staðan í landshlutanum er víða mjög alvarleg og áriðandi er að gripið verði strax til öflugrar viðspyrnu til að draga úr því gríðarlega tjóni sem fyrirsjáanlegt er. Einnig er mikilvægt að undirbúa jarðveginn þannig að viðsnúningur verði öflugur og hraður.

Um leið fagna Samtökin því að ríkisstjórn Íslands tekur á málinu af festu og hefur boðað yfirgripsmiklar aðgerðir og fjárhagslega innspýtingu í atvinnulífið til að sporna við alvarlegum afleiðingum sem fylgja COVID 19 faraldrinum og hraða uppbyggingu.

SSNE styður þau góðu áform að styrkja atvinnulíf og vill stuðla að því að aðgerðir sem ráðist verður í á Norðurlandi eystra skili atvinnulífinu á svæðinu og samfélaginu öllu mestum mögulegum árangri. Stjórn SSNE leggur það til að fjármagn í sóknaráætlun Norðurlands eystra verði aukið stórlega til að mæta þeim áskorunum sem við blasa. Mörg stór og mikilvæg verkefni sóknaráætlunar hafa þegar verið útfærð og er auðvelt að hrinta þeim hratt í framkvæmd ef fjármagn fæst til þess.

Þau stóru og mikilvægu verkefni sem SSNE leggur til að verði flýtt og fjármögnuð með auknu fjármagni í sóknaráætlun eru þessi:

- Uppbygging Akureyrarflugvallar
- Hjúkrunarheimili á Húsavík
- Ný heilsugæsla á Akureyri
- Legudeild við sjúkarhúsið á Akureyri
- Átak í uppbyggingu innviða
 - Uppbygging dreifikerfis raforku
 - 3 fasa rafmagn
 - Endurbætur á jarðgöngum á Tröllaskaga

- Vegur um Brekknaheiði
 - tengivegir og héraðsvegir
 - Efri brú yfir Jökulsá á Fjöllum
 - Ljósleiðaratengingar á svæðinu
- Draga verulega úr fjöldatakmörkunum að Háskólanum á Akureyri

Verkefni þau sem hér eru upp talin skapa störf á svæðinu þegar mest ríður á að spyrna við fótum og veita súrefni inn í atvinnulíf og styðja við hraða viðreisn þegar tækifæri skapast til að hefja viðsnúninginn. Stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra telur mikilvægt að horft sé til sóknaráætlunar þegar fjármagni er forgangsraðað til þess að endurvekja atvinnulífið eftir erfiðleikana og auka samfélaginu á svæðinu slagkraft til lengri tíma og skemmri.

Virðingarfyllt,

Stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Axel Grettisson

Eva Hrund Einarsdóttir

Helga Helgadóttir

Helgi Héðinsson

Hilda Jana Gísladóttir

Kristján Þór Magnússon

Sigurður Þór Guðmundsson

Samrit

Fjármála- og efnahagsráðherra

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Umhverfis- og auðlindaráðherra